




Reykjavík, október 2018

Dagur íslenskrar tungu

16. nóvember

Ágæti viðtakandi.

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta og þriðja sinn föstudaginn 16. nóvember nk. Dagurinn hefur fest sig í sessi sem sérstakur hátíðisdagur íslenskunnar og gefur kjörið tækifæri til þess að fagna því sem vel er gert og minna á mikilvægi tungumálsins okkar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum standa saman að kynningu á þessum degi og vilja hvetja sem flesta til þess að fagna honum með sínum hætti og hafa þá íslenskuna í sérstöku öndvegi. Það er til að mynda hægt að gera með því að skipuleggja viðburði eða samkomur, halda kynningar eða veita viðurkenningar.

Mælst er til þess að opinberar stofnanir flaggi íslenska fánanum í tilefni dagsins.

Í ár verður opnuð ný upplýsingaveita á umræddum degi þegar Nýyrðabankinn fer í loftið. Unnið hefur verið að því verkefni á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en markmið þess er að hvetja til aukinnar nýyrðasmíðar og skapandi notkunar tungumálsins. Nýyrðabankinn verður opinn á slóðinni www.nyyrdi.arnastofnun.is og getur hver sem er sent þangað inn tillögur að nýjum orðum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annast ýmis verkefni í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu og geta þeir sem vilja kynna viðburði sína sent ábendingar um slíkt á netfangið arnastofnun@arnastofnun.is. Almennar upplýsingar um dag íslenskrar tungu má finna á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis og á Facebook-síðunni Dagur íslenskrar tungu.

Með vinsemd og virðingu,

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum